



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 42/2010

**Kvörtun vegna notkunar Vífilfells hf. og Gunnlaugs P. Pálssonar  
á trúnaðarupplýsingum**

**I.**

**Erindið**

Neytendastofu barst erindi Vínkaupa ehf. með bréfi, dags. 22. september 2009, þar sem kvartað er yfir notkun Vífilfells hf. og Gunnlaugs P. Pálssonar á trúnaðarupplýsingum sem Gunnlaugur öðlaðist í starfi hjá Vínkaupum.

Í erindinu segir um Vínkaup að félagið starfi á sviði vínsölu og hafi um árabil selt ýmsar áfengis- og vintegundir hér á landi bæði í gegnum ÁTVR og síðan til einstakra veitingastaða í samræmi við heimildir laga þar um. Núverandi eigendur keyptu félagið, þann 19. desember 2008. Gunnlaugur hafi lengi starfað sem sölustjóri hjá Vínkaupum en sagði upp starfi sínu bréflega, þann 29. maí 2009 og lét af störfum, þann 4. júní s.á. Vífilfell reki sérstaka víndeild og í júní 2009 hafi Gunnlaugur hafið störf sem sölumaður í víndeild Vífilfells.

Atvikum málsins er í erindinu lýst svo að með skriflegri uppsögn sinni, þann 29. maí 2009, hafi Gunnlaugur óskað eftir því að fá að hætta störfum þá þegar sem fallist hafi verið á af hálfu Vínkaupa og hafi hann lokið formlega störfum, þann 4. júní s.á. Vínkaupum hafi þá ekki verið ljóst að Gunnlaugur hafði þá þegar ráðið sig til starfa hjá Vífilfelli.

Í starfi sínu hafi Gunnlaugur haft aðgang að viðskiptamannaskrá Vínkaupa og ýmsum trúnaðarupplýsingum sem lutu að samningum félagsins við erlenda og innlenda birgja og viðskiptamenn. Í starfi Gunnlaugs hafi falist samskipti við hina erlendu birgja og innlenda viðskiptamenn og hafi hann myndað persónuleg tengsl við alla helstu birgja félagsins. Núverandi eigendur Vínkaupa höfðu keypt félagið fyrir hátt söluverð í desember 2008 og var uppistaða kaupverðs verðmæti vínlagers og viðskiptasambanda félagsins. Þegar kaupin hafi átt sér stað voru nokkrar skuldir við helstu birgja félagsins en þær hafi verið greiddar jafnt og þétt niður á vormánuðum 2009.



Áður en Gunnlaugur hafi látið af stöfum hafi hann tilkynnt stjórnendum Vínkaupa að ekki væri þörf á því fyrir félagið á fara á vínsýninguna *Vinexpo* í Frakklandi sem haldin var þann 21. til 24. júní 2009. Kvaðst hann hafa gengið þannig frá hlutum að óþarfi væri fyrir Vínkaup að fara, viðskiptasambönd væru til staðar og því ástæðulaust að eyða peningum í slíkt ferðalag þegar félagið berðist í bökkum.

Allt að einu fóru stjórnendur Vínkaupa á framangreinda sýningu til þess að treysta sambönd við birgja en þeir höfðu þá skömmu áður heyrt af því að Gunnlaugur hefði hafið störf hjá Vífilfelli, sem sölumaður vínedeildar. Á vínsýningunni í Frakklandi hafi Gunnlaugur svo mætt ásamt starfsmönnum Vífilfells og tilkynnti þá stjórnendum Vínkaupa að hann hefði hafið störf hjá Vífilfelli.

Nokkru eftir þetta hafi erlendir birgjar Vínkaupa hafið að tilkynna félaginu að þeir vildu slíta viðskiptasamböndum sínum og flytja þau til Vífilfells. Í samskiptum við hina erlendu birgja hafi komið fram að Gunnlaugur hafði látið ýmsar rangar staðhæfingar uppi við birgjana um stöðu Vínkaupa og hafi mátt ráða af þeim samskiptum að Gunnlaugur hefði haft frumkvæði að því að þeir segðu samningum sínum upp og flyttu viðskipti sín til Vífilfells. Þannig mun Gunnlaugur hafa t.d. ranglega fullyrt við erlenda birgja að Vínkaup væru ekki lengur í hillum hjá ÁTVR og félagið væri ekki lengur með samning við fríhafnarverslun í Keflavík. Auk þess sé bersýnilegt af samskiptum við hina erlendu aðila að sumir þeirra hafi haft undir höndum upplýsingar úr birgjavef ÁTVR um Vínkaup sem útilokað sé að þeir gætu hafa fengið annarsstaðar en hjá Gunnlaugi.

Stærstu birgjarnir sem slitið hafi viðskiptasamböndum við Vínkaup og flutt þau yfir til Vífilfells séu *Domaine Franck Millet* sem framleiði hvítvínið *Sancerre* sem sé eitt af söluhæstu gæðavínum í ÁTVR ásamt rauðvíni á sérlista, *Champagne Bollinger* sem sé einn virtasta kampavínframleiðandi í heimi og framleiði kampavínið *Bollinger* sem sé eitt mest selda kampavínið í ÁTVR, og *Champagne Ayala & Co* sem framliði kampavínið *Ayala* sem sé með ódýrasta kampavíninu á markaði og mestu möguleika í sölu freyðivíns. Þá hafi Vínkaup fengið staðfestingu á því að Vífilfell hafi freistað þess að fá til sín umboð frá *Freixenet Nordic AB* sem selji *Freixenet freyðivín* sem sé mest selda freyðivín ÁTVR.

Í erindinu eru tekin upp samskipti úr tölvupóstum framangreindra vínframleiðanda við Vínkaup þar sem viðskiptasamningum þeirra er sagt upp. Þar kemur einnig fram að fyrirtækin *Domaine Franck Millet* og *Champagne Bollinger* hyggist eftirleiðis eiga viðskipti við Vífilfell og er þess óskað að Vínkaup tilkynni ÁTVR um nýjan söluaðila auk þess sem félagið skuli hafa samband við Vífilfell um sölu á lager Vínkaupa. Allir framangreindir erlendir söluaðilar hafi verið mjög stórir viðskiptamenn Vínkaupa og hafi borið uppi starfsemi félagsins. Missir félagsins sé því mikill og margra milljóna króna fjárfesting farin í vaskinn fyrir háttsemi Gunnlaugs og Vífilfells.



Þá hafi Vínkaup fengið fregnir af því að veitingahúsafólk hérlandis sem áður hafi selt vörur frá Vínkaupum hafi ákveðið að eiga ekki frekari viðskipti við félagið vegna fullyrðinga Gunnlaugs um bága fjárhagsstöðu félagsins.

Vínkaup hafi ekki orðið við þeim tilmælum að selja Vífilfelli vínlager sinn eins og krafist hafði verið. Þann 21. september 2009, hafi Vínkaupum borist tölvupóstur frá ÁTVR þar sem áfengiseinkasalan sagði upp samningum sínum við Vínkaup þar sem boðist hefðu lægri verð frá Vífilfelli.

Vínkaup hafi sent Gunnlaugi bréf, þann 27. ágúst 2009, með afriti til Vífilfells, þar sem gerðar hafi verið þær kröfur á hendur honum að þeim birgjum sem Gunnlaugur hefði þegar fengið yfir til Vífilfell yrði tilkynnt, í samráði við Vínkaup, að Gunnlaugur óskaði þess að þeir verði áfram í samningssambandi við Vínkaup. Jafnframt að Gunnlaugur staðfesti tafarlaust skriflega að hann myndi ekki hafa nein samskipti við innlenda eða erlenda birgja Vínkaupa, hvorki munnlega né skriflega, og í þeim tilvikum sem hann kynni að fá fyrirspurn eða aðrar tilkynningar frá þeim myndi hann vísa tafarlaust til Vínkaupa án undanfarandi samskipta við birgjana. Yrði ekki farið að kröfu Vínkaupa yrði málinu vísað til stjórnvalda og dómstóla eftir atvikum. Með bréfi lögmanns Gunnlaugs hafi kröfunni verið hafnað.

Vínkaup telji Gunnlaug og Vífilfell hafa sameinast um það að brjóta gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, til stórfellds tjóns fyrir Vínkaup. Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 segi um 29. gr., sem sé efnislega samhljóða núgildandi 16. gr. c. laga nr. 57/2005, að í ákvæðinu séu reglur um vernd rekstrarleyndarmála. Reglurnar séu reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi sem snerti samkeppnisstöðu þeirra sé haldið leyndum. Þau leyndarmál sem ákvæðin feli í sér vernd á geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða þó fleiri en eigandi eða stjórnandi fyrirtækisins viti þau. Ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005 feli því í sér vernd á sérstakri þekkingu á viðskiptavinum félagsins.

Samkvæmt framangreindu teljist skrá yfir viðskiptavinum og sérstök þekking á þeim til atvinnuleyndarmála í skilningi 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Sá skilningur hafi verið staðfestur í ýmsum ákvörðunum Neytendastofu og áfrýjunarnefndar neytendamála, sbr. t.d. ákvörðun Neytendastofu nr. 5/2009, „Kvörtun Petersen ehf. vegna óréttmætra viðskiptahátta Halldórs Guðmundssonar og DD ehf.”.



Það sé mat Vínkaupa að sú háttsemi Gunnlaugs að hagnýta sér þekkingu á viðskiptavinum Vínkaupa, setja sig í samband við þá og hvetja þá, m.a. með röngum upplýsingum um hagi Vínkaupa, til þess að slíta samningi sínum við Vínkaup í því skyni að færa viðskiptasamböndin yfir til Vífilfells sé skýlaust og ótvírætt brot gegn framangreindu ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Með sama hætti sé Vífilfell bæði fyrir hlutdeild og beina þátttöku einnig brotlegt gegn framangreindu ákvæði.

Af hálfu Vínkaupa sé þess því krafist að Neytendastofa grípi til ýtrustu refsíurræða gegn Vífilfelli og Gunnlaugi og m.a. verði þeim bannað, með heimild í 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, að nýta sér í atvinnuskyni þær trúnaðarupplýsingar sem Gunnlaugur hafi haft aðgang að í starfi sínu hjá Vínkaupum og þar með að gerast umboðsaðili á Íslandi fyrir Domaine Franck Millet, Champagne Bollinger, Champagne Ayala & Co og Freixenet Nordic AB. Þá sé þess jafnframt krafist að Vífilfelli verði gert að greiða stjórnvaldssekt sbr. 22. gr.

Með bréfinu fylgdi tölvupóstsamskipti erlendra birgja við Vínkaup og var þess óskað að farið yrði með tölvupóstana sem trúnaðarmál.

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Erindi Vínkaupa var sent Gunnlaugi og Vífilfelli til umsagnar með bréfum Neytendastofu, dags. 28. september 2009. Í bréfunum kemur fram að Vínkaup hafi óskað trúnaðar á tölvupóstum sem fylgdu erindinu. Í erindinu séu meginefni póstanna þó rakin. Stofnunin hafi farið yfir tölvupóstana og með vísan til 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 hafi stofnunin tekið þá ákvörðun að verða við trúnaðarbeiðni Vínkaupa.

Svar Vífilfells og Gunnlaugs barst Neytendastofu með bréfi, dags. 15. október 2009. Í bréfinu eru gerðar athugasemdir við takmörkun upplýsingaréttar. Slík takmörkun sé undantekning frá meginreglunni um að málsaðili eigi rétt á að kynna sér gögn máls, sbr. 15. gr. stjórnsýslulaga. Um sé að ræða þrönga undantekningarreglu, sbr. orðalagið „þegar sérstaklega stendur á“. Þá gefi orðalagið „mun ríkari“ í 17. gr. stjórnsýslulaga til kynna að sjónarmið sem standi í vegi fyrir aðgangi aðila að gögnum verði að hafa töluvert vægi. Aðgangur aðila að gögnum verði því aðeins takmarkaður ef talin yrði sýnileg hættu á því að almanna- eða einkahagsmunir bíði umtalsvert tjón ef aðila yrði veittur aðgangur að gögnunum.

Hvorki í erindi Vínkaupa né bréfi Neytendastofu séu færð rök fyrir því hvernig skilyrði 17. gr. stjórnsýslulaga séu uppfyllt. Á Neytendastofu hvíli hins vegar sú skylda að meta hvert mál fyrir



sig í þessum efnum og taka þannig afstöðu til þeirra hagsmuna sem vegist á. Slíkt hafi ekki verið gert í máli þessu og því verði ekki séð að skilyrði fyrir synjun um aðgang að umþrættum gögnum séu uppfyllt. Þá sé staðhæft að meginefni tölvupóstanna komi þegar fram í kvörtun Vínkaupa. Með það í huga sé Vífilfelli og Gunnlaugi óskiljanlegt hvaða tjón geti orðið, ef birting verði heimil, þegar upplýsingarnar hafi þegar verið birtar í kvörtun Vínkaupa.

Af fyrrgreindu leiði að meginreglan um aðgang að gögnum gildi fullum fetum og er gerð sú krafa að öll gögn málsins verði afhent án tafar, en að öðrum kosti taki Neytendastofa skýra afstöðu til hvers skjals sem stofnunin telur trúnað gilda um og rökstyðji ákvörðun sína um synjun á afhendingu, sbr. 21. og 22. gr. stjórnssýslulaga.

Hafa beri í huga að ef stjórnvald taki íþyngjandi ákvörðun í máli þar sem réttur aðila til að koma að sjónarmiðum sínum, leiðréttu upplýsingar og verja hagsmuni sína áður en ákvörðun sé tekin, verði sú ákvörðun almennt talin haldin verulegum annmörkum.

Vífilfell og Gunnlaugur telji skýrt að réttur þeirra til andmæla, sbr. 13. gr. stjórnssýslulaga, hafi verið brotinn. Því telji þeir að endanleg ákvörðun Neytendastofu, ef til hennar komi, verði þannig haldin ógildingarannmörkum.

Um meint brot gegn ákvæðum 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 segir í bréfinu að því sé alfarið hafnað að Gunnlaugur eða Vífilfell hafi á einhvern hátt hagnýtt sér atvinnuleyndarmál Vínkaupa og þannig sameinast um að brjóta gegn framangreindu ákvæði.

Gunnlaugur hafi hafið störf í vínveild Austurbakka árið 2002 en í lok árs 2005 hafi vínveild fyrirtækisins verið seld og Vínkaup stofnað. Gunnlaugur varð því starfsmaður þess fyrirtækis. Í desember árið 2008 hafi Hólaból keypt Vínkaup. Hafi Gunnlaugi þá verið lofað að rekstur félagsins yrði óbreyttur og til engra uppsagna kæmi. Nokkru síðar hafi hins vegar tveimur starfsmönnum félagsins verið sagt upp og Gunnlaugur þá orðinn eini starfsmaður vínveildarinnar. Líkt og gefi að skilja hafi álag aukist töluvert á starfsmanninn við þessar breytingar og vegna þessa hafi Gunnlaugur óskað þess m.a. að gerður yrði skriflegur starfssamningur við hann, sem tæki tillit til breyttrar vinnu. Forsvarsmenn Vínkaupa hafi hins vegar dregið að verða við beiðni Gunnlaugs.

Nokkru síðar hafi Gunnlaugur fengið fregnir af því að greiðslur væru ekki að berast frá Vínkaupum til lífeyrissjóðs hans. Hafi þá komið í ljós að Vínkaup voru í 18 mánaða skuld við VR. Þá hafði Landsbanki Íslands hf. samband við Gunnlaug og hafi honum verið tjáð að líf- og launatrygging hans væri að falla úr gildi vegna vanskila. Hér hafi verið um að ræða hluta af viðbótarlífeyrissparnaði Gunnlaugs og greiðslur vegna þessa höfðu þegar verið dregnar af launum hans. Vart þurfi að fjölyrða um eða fræða Vínkaup eða Neytendastofu um þá lögbundnu



skyldu fyrirtækisins að standa skil á greiðslum af þessu tagi og hvaða afleiðingar það hafi að brjóta gegn skyldu þessari.

Gunnlaugur hafi áralanga reynslu af sölu vína og í gegnum árin hafi hann byggt upp traust og persónuleg samskipti við birgja. Það hafi nýst Vínkaupum vel, enda hafi þessi tengsl orðið til þess að birgjar hafi ekki sagt upp samstarfsaðila þegar skipt hafi verið um eigendur Vínkaupa, hvorki árið 2005 né árið 2008 þegar Hólaból hafi keypt félagið.

Eftir að Hólaból hafi keypt Vínkaup hafi farið að bera á vanskilum á greiðslum til birgja. Hafi birgjum félagsins líkað þetta afar illa, en Gunnlaugur hafi sannfært þá um að um tímabundið vandamál væri að ræða og að þeir þyrftu ekki að hafa áhyggjur til framtíðar lítið. Hins vegar hafi komið á daginn ítrekaður greiðsludráttur sem hafi orðið til þess að birgjar urðu enn ósáttari og Gunnlaugur hafi haft af þessu verulegar áhyggjur, bæði fyrirtækisins vegna og einnig hafi hann óttast um eigið orðspor, sem fram að því hafði verið mjög gott meðal birgja.

Gunnlaugur kveðst hafa gert tilraun til að skýra fyrir vinnuveitendum sínum að vínheimurinn væri í raun afar líttill, í þeim skilningi að upplýsingar um innflytjendur gangi á milli framleiðenda og menn veiti góðum innflytjendum óhikað meðmæli þegar aðrir framleiðendur spyrjist fyrir. Gunnlaugur hafi verið í góðum samskiptum við framleiðendur um allan heim og skipti þar engu hvort um sé að ræða viðskiptavini Vínkaupa eða viðskiptavini annarra innflytjenda hér á landi. Menn byggi upp gott og mikið tengslanet með tímanum og skipti heiðarleiki, áreiðanleiki og fagmennska sköpum. Þegar vanefndir Vínkaupa á samningum við framleiðendur hafi verið farnir að hafa verulega slæm áhrif á þau góðu tengsl sem Gunnlaugur hafði byggt upp, hafi hann ekki talið sér lengur stætt á því að starfa fyrir Vínkaup. Þau vandamál sem áður hafi verið reifuð hafi ennfremur styrkt endanlega ákvörðun Gunnlaugs um að segja upp störfum hjá Vínkaupum.

Eftir að Gunnlaugur hafði sagt upp störfum hjá Vínkaupum hafi fjöldi framleiðenda sett sig í samband við hann og óskað skýringa á því hvers vegna hann hefði hætt störfum hjá Vínkaupum, auk þess sem nokkrir þeirra hafi viljað vita hvað hann hygðist taka sér fyrir hendur. Gunnlaugur tjáði þeim þá einfaldlega það sem hafi verið rétt, að hann hafi verið óánægður í starfi og að Vínkaup hefði ekki staðið við ýmsar skuldbindingar sínar gagnvart honum. Ástæður uppsagnar Gunnlaugs hafi einfaldlega hvorki verið trúnaðarmál né sérstakt viðskiptaleyndarmál Vínkaupa.

Nokkru eftir uppsögn Gunnlaugs hafi hann hafið störf hjá Vífilfelli.

Varðandi meint brot gegn ákvæðum 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 segir í bréfi Vífilfells og Gunnlaugs að Vínkaup hafi réttilega bent á að það sé tilgangur ákvæðisins að veita fyrirtækjum lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi sem snerti



samkeppnisstöðu þeirra sé haldið leyndum. Slíkt sé að sjálfsögðu réttmætt sjónarmið, en Vífilfell og Gunnlaugur telji þau ekki eiga við í máli því sem hér um ræði.

Í dómafrankvæmd hafi verið litið til þess þegar metið sé hvort um atvinnuleyndarmál sé að ræða eða ekki, hversu almenns eðlis viðkomandi upplýsingar séu, á hve margra vitorði þær séu og hversu auðvelt sé fyrir utanaðkomandi að afla sér þeirra, eins og fram komi m.a. í dómi Hæstaréttar frá 5. júní 2008, í máli nr. 334/2007. Í kvörtun Vínkaupa sé Gunnlaugi gefið að sök að hafa hagnýtt sér viðskiptamannaskrá Vínkaupa sem að sögn Vínkaupa hafi hvílt leynd yfir. Hið rétta sé hins vegar að engin leynd hvíli yfir vínframleiðendum sem Vínkaup eða aðrir heildsalar hér á landi eigi í viðskiptum við. Þegar af þeim sökum verði vitneskja um viðskiptavini ekki talin til atvinnuleyndarmála hvers og eins vínsala heldur opinberar og aðgengilegar öllum.

Með hliðsjón af fyrrgreindu telji Vífilfell og Gunnlaugur ljóst að skilyrði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 séu ekki uppfyllt, þar sem ekki sé um að ræða atvinnuleyndarmál í máli þessu heldur almenna þekkingu. Vífilfell og Gunnlaugur bendi á að almennt sé það talið að reynsla starfsmanns eða almenn þekking geti hvorugt talist til atvinnuleyndarmála, sbr. umfjöllun í athugasemdum með frumvarpi til þágildandi samkeppnislaga.

Gunnlaugur hafi viðamikla reynslu og mikla þekkingu á vínheiminum. Sú reynsla og þekking hafi ekki aðeins orðið til í störfum Gunnlaugs fyrir Vínkaup heldur hafi Gunnlaugur komið sjálfur með þessa eiginleika inn í rekstur Vínkaupa. Þessi reynsla Gunnlaugs og umfangsmikið tengslanet í vínheiminum séu einfaldlega ekki atvinnuleyndarmál Vínkaupa eða sérstök eign félagsins.

Í ráðningarsamningi Gunnlaugs hafi ekki verið ákvæði um að hann skyldi gæta trúnaðar um hvaðeina sem hann kynni að verða áskynja um í starfi sínu fyrir fyrirtækið og viðskiptavini þess eða einhver sérstök atriði sem hafi varðað starfsemi Vínkaupa.

Í athugasemdum með frumvarpi til þágildandi samkeppnislaga hafi löggjafinn m.a. talið að gera yrði þá kröfu að þess hafi skýrlega verið óskað eða krafist af atvinnurekanda að leynd ríkti um tiltekin mál eða það lægi í hlutarins eðli. Engin slík krafa hafi verið gerð til Gunnlaugs og á honum hafi þar af leiðandi engin sérstök samningsskylda hvílt gagnvart Vínkaupum að því leyti. Þá liggi alls ekki fyrir að leynd hafi átt að hvíla yfir einhverjum atriðum eðli málsins samkvæmt enda hafi það ekki verið svo. Auk þess væri bæði ósanngjarnt og rangt að meina Gunnlaugi að nýta þekkingu sína og reynslu og þar með aftra honum frá því að afla sér lífsviðurværis.



Ráða megi af kvörtun Vínkaupa að Gunnlaugur hafi hagnýtt sér þekkingu á viðskiptavinum Vínkaupa með því að hafa samband við þá og hvetja til að slíta samningum sínum við Vínkaup. Það sé rangt og hvað sem öllu öðru líði ósannað af hálfu Vínkaupa.

Því er alfarið hafnað að Gunnlaugur hafi haft samband við erlenda birgja félagsins með það að markmiði að bera út sögur um slæma fjárhagsstöðu Vínkaupa, fá þá til þess að segja upp samningum sínum við Vínkaup og beina viðskiptum sínum til Vífilfells.

Þá er því einnig hafnað að Gunnlaugur hafi farið á vísýninguna Vinexpo í því skyni að ná til birgja og grafa undan Vínkaupum. Slíkar fullyrðingar séu einfaldlega að engu hafandi. Rétt sé að Gunnlaugur hafi ekki mælt með því þegar hann starfaði hjá Vínkaupum að starfsmenn fyrirtækisins færu, að svo stöddu, á sýninguna. Ástæðurnar hafi verið tvær, annars vegar sú að Gunnlaugur hafi talið samskipti við birgja í góðum farvegi og því ekki nauðsyn að styrkja þau frekar og hins vegar sú að ferð á sýningu af þessu tagi krefðist töluverðra fjárútláta. Hér hafi því ekki verið um annarlegar ástæður að ræða, fjarri því, heldur hafi Gunnlaugur þvert á móti haft hagsmuni Vínkaupa í fyrirrúmi. Ástæður þess að Gunnlaugur hafi sótt umrædda vísýningu, hafi verið sú að Vífilfell hafi gert þá kröfu að hann færi á sýninguna til að kynna sig fyrir samstarfsaðilum Vífilfells. Það sé hins vegar ekkert launungarmál að einhverjir birgjar Vínkaupa á sýningunni hafi óskað sérstaklega eftir að hitta Gunnlaug, enda hafi þeir þekkt Gunnlaug persónulega. Hafi þá borist í tal að Gunnlaugur væri hættur störfum fyrir Vínkaup. Í þeim samtölum hafi Gunnlaugur aldrei hvatt þessa aðila til að hætta viðskiptum við Vínkaup og því síður hafi hann borið við röngum upplýsingum um hagi Vínkaupa, með það að markmiði að ná viðskiptum þessara aðila yfir til Vífilfells.

Sú staðhæfing Vínkaupa að Gunnlaugur hafi komið því til leiðar að einhverjir framleiðendur sem getið er um í kæru hafi sagt upp viðskiptum sínum við Vínkaup í þeim tilgangi að færa viðskipti sín yfir til Vífilfells sé auk þess röng, og hvað sem öðru líði ósönnuð. Staðhæfingar Vínkaupa fáí hvergi stoð í gögnum málsins, þ.m.t. tölvupóstum frá félögum, og séu þær því að engu hafandi.

Rétt sé í þessu samhengi jafnframt að geta þess að hvorki Gunnlaugur né Vífilfell þekki nákvæmlega ástæður þess að framleiðendur Bollinger Champagne annars vegar og freyðivínsins Freixenet hins vegar hafi slitið samstarfi sínu við Vínkaup. Auk þess sé því alfarið vísað á bug að Gunnlaugur eða Vífilfell hafi veitt síðargreinda framleiðandanum upplýsingar úr birgjavef ÁTVR eða tjáð honum sérstaklega að Vínkaup væru ekki í hillum hjá ÁTVR og væri dottið út úr Fríhafnarverslun í Keflavík. Slíkar staðhæfingar eigi sér enga stoð í raunveruleikanum.

Rétt sé að vekja athygli á því að m.a. Freixenet sé í samskiptum við aðra innflutningsaðila hér á landi og átti sá framleiðandi því ekki einvörðungu viðskipti við Vínkaup. Umræddur





framleiðandi sé einnig í samstarfi við m.a. Ölgerð Egils Skallagrímssonar og Vífilfell viti raunar að Ölgerðin hafi sent Freixenet skýrslur um sölu og stöðu á vörum þess framleiðanda í ÁTVR, í þeim tilgangi að ná til sín fleiri vörum þess framleiðanda. Þetta viti Vífilfell því Freixenet hafi verið sýndar skýrslur þessar áður. Þá hafi Freixenet einnig skoðað þessar upplýsingar, eftir því sem Vífilfell kemst næst, þar sem allir birgjar geti kynnt sér sölu í ÁTVR, þ.m.t. allar tegundir, alla framlegð og öll sölutímabil. Þá geti Vífilfell einnig upplýst að umræddur framleiðandi hafi verið ósáttur við það, þegar eigendaskipti urðu á Vínkaupum í desember 2008, að honum væri ekki tilkynnt um söluna og voru ástæður þess m.a. þær að framleiðandinn taldi framsal á samstarfi ekki heimilt af hálfu eigenda Vínkaupa án hans samþykkis. Vegna þessa hafði Freixenet á þessum tíma samband við Vífilfell og óskaði eftir samstarfi. Vífilfell hafi samþykkt samstarfið en svo hafi ekki heyrst frá framleiðandanum og hafi því ekki orðið af viðskiptum milli aðilanna þá. Vífilfell geti, umfram skyldu, upplýst að félagið hafði ekki vitneskju um að samningum við Vínkaup hefði verið sagt upp fyrir en erindi barst frá lögmanni Vínkaupa og að Freixenet hafi ekki staðfest samstarf við Vífilfell þegar bréf þetta til Neytendastofu hafi verið ritað.

Þá hafi Vífilfell og Gunnlaugur engin áhrif á innkaup Fríhafnarinnar og sé ásökunum í þá veru alfarið hafnað. Þá sé því einnig hafnað að Gunnlaugur hafi sagt viðskiptavinum Vínkaupa að fyrirtækið væri orðið gjaldþrota. Vera kunnir að viðskiptavinir hafi dregið slíka ályktanir sjálfir, en Vífilfell og Gunnlaugur hafi fengið fregnir af því að viðskiptavinir hafi árangurslaust reynt að hringja í Vínkaup en ekki hafi verið svarað.

Í bréfinu er vitnað til þess að í erindi Vínkaupa sé vísað til samskipta Vínkaupa við erlenda viðskiptamenn í ágúst og september 2009. Af þeim samskiptum sé á engan hátt hægt að álykta að Gunnlaugur eða Vífilfell hafi brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

Raunar megi ætla af tilvitnuðum samskiptum að þau fyrirtæki sem hafi ákveðið að hefja samstarf við Vífilfell, hafi tekið slíka ákvörðun sjálfstætt og út frá eigin hagsmunum. Þegar Gunnlaugur hafi hætt störfum hjá Vínkaupum hafi um leið horfið mikil þekking frá fyrirtækinu þar sem Gunnlaugur hafi verið eini starfsmaður vínveildar. Hugsanlegt sé að umræddir viðskiptamenn hafi einfaldlega metið stöðuna á íslenska markaðnum þannig að viðamesta þekkingin væri þar með hjá Vífilfelli, þar sem Gunnlaugur hefði hafið störf. Þessu til staðfestingar hafi slíkar forsendur m.a. komið fram í tölvupóstum og öðrum samskiptum Vífilfells við þá framleiðendur sem hafi leitað eftir samstarfi við Vífilfell. Einhverjir framleiðendanna hafi einnig reifað verulegar vanefndir á greiðslum frá Vínkaupum sem ástæðu þess að þeir leiti nú nýrra samstarfsaðila.

Aðalatriðið í þessu sambandi sé að Gunnlaugi hafi verið fullkomlega heimilt að hætta störfum hjá Vínkaupum og hefja störf hjá Vífilfelli. Til þess standi stjórnarskrárvarinn réttur hans til



atvinnufrelsis og heimildir hans í þessu sambandi takmarkist ekki á neinn hátt af lögum eða samningi við Vínkaup enda engum samningsákvæðum um þessi efni til að dreifa eða þekkingu sem séu eign Vínkaupa. Þá hafi engin sérstök samningsskylda hvílt á Gunnlaugi gagnvart Vínkaupum um slík atriði.

Að lokum segir í bréfi Vífilfells og Gunnlaugs að fari svo að Neytendastofa fallist á að Gunnlaugur og/eða Vífilfell hafi brotið gegn ákvæði 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 þá sé þeirri kröfu Vínkaupa alfarið hafnað að gripið verði til ýtrustu refsíurræða gegn fyrrgreindum aðilum.

Þá hafi Neytendastofa ekki lagaheimild til að banna Vífilfelli að gerast umboðsaðili hverra þeirra vínframleiðenda sem óski eftir viðskiptum við fyrirtækið. Slíkar heimildir til íhlutunar í samningsfrelsi þriðja aðila séu einfaldlega ekki til staðar í lögum. Þar að auki séu engar forsendur til að leggja stjórnvaldssekt á Vífilfell fyrir meinta hlutdeild í broti á grundvelli 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

## 2.

Bréf Vífilfells og Gunnlaugs var sent Vínkaupum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 22. október 2009. Samhliða því bréfi sendi Neytendastofa lögmanni Vífilfells og Gunnlaugs einnig bréf þar sem rökstudd er frekar sú ákvörðun stofnunarinnar að veita Vínkaupum trúnað á tölvupóstum þeim sem fylgdu erindi félagsins. Í bréfinu kemur fram að í umræddum tölvupóstum sé að finna uppsögn birgja Vínkaupa á samningi þeirra. Þær upplýsingar séu teknar upp í bréfi lögmanns Vínkaupa. Aðrar upplýsingar sem fram komi í póstunum muni að mati Neytendastofu ekki hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Því sé það mat stofnunarinnar að Vífilfell og Gunnlaugur hafi ekki hagsmuni af þeim upplýsingum sem þar komi fram. Þar sem ekki sé um að ræða upplýsingar sem áhrif hafi á niðurstöðu málsins telji Neytendastofa þá ákvörðun stofnunarinnar um að veita ekki aðgang að tölvupóstunum ekki brjóta gegn ákvæðum 13. gr. stjórnarsýslulaga um andmælarétt. Þá er í bréfinu vakin athygli á því að skv. 26. gr. stjórnarsýslulaga séu ákvarðanir stjórnvalda kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. verði ákvarðanir sem ekki binda endi á mál þó ekki kærnanlegar fyrr en málið sé til lykta leitt. Ákvörðun Neytendastofu um að neita Vífilfelli og Gunnlaugi um aðgang að framangreindum tölvupóstum verði því kærnanleg til áfrýjunarnefndar neytendamála þegar efnislega niðurstaða málsins liggi fyrir.

Svar Vínkaupa við bréfi Vífilfells og Gunnlaugs barst Neytendastofu með bréfi, dags. 6. nóvember 2009. Í bréfinu kemur fram að Vínkaup telji margt af því sem fram komi í bréfi Vífilfells og Gunnlaugs málinu óviðkomandi auk þess sem fjölmargt sem þar komi fram sé rangt og villandi um hagi Vínkaupa og samskipta félagsins við Gunnlaug.



Vínkaup telji ástæðu til að benda á að á sínum tíma þegar núverandi eigendur keyptu félagið hafi verið veruleg vanskil við þá birgja sem snerti deilu þessa. Þá hafi heildarskuldir við birgjana numið um það bil kr. 40.000.000 og höfðu vanskil varað í u.þ.b. sjö mánuði að meðaltali. Er Gunnlaugur hafi látið af störfum hafði verið gert upp við þá birgja og engin vanskil því til staðar. Því séu það alfarið rangar staðhæfingar að verulegur greiðsludráttur og óánægja birgja hafi verið ástæða þess að hlutaðeigendur fluttu sig yfir til Vífilfells.

Tekið er fram að þegar núverandi eigendur hafi keypt Vínkaup hafi legið fyrir að skipulagsbreytingar yrðu á rekstrinum. Því sé það rangt sem haldið sé fram af hálfu Gunnlaugs að ekki hafi verið fyrirhugað að segja upp fólki eða endurskipuleggja reksturinn. Hvað svo sem því líði verði ekki séð að sú aðgerð að segja upp fólki hafi nokkuð að gera með þann ágreining sem hér sé til staðar. Svo öllu sé haldið til haga hafi starfssvið Gunnlaugs breyst nokkuð þegar núverandi eigendur Vínkaupa koma að félaginu en áður hafði Gunnlaugur verið nokkurn veginn sjálfráður um störf sín en með skipulagsbreytingum hafi störfin verið sett í fastari skorður og mun meira eftirlit haft með einstökum starfsmönnum, svo sem Gunnlaugi.

Því sé alfarið mótmælt sem röngu að Gunnlaugur hafi hafið störf hjá Vífilfelli nokkru eftir uppsögn sína eins og haldið sé fram. Það liggi fyrir að Gunnlaugur hafi farið ásamt starfsmönnum Vífilfells á vísýningu í Frakklandi skömmu eftir að hann hafi látið af störfum og hafi hann þá upplýst að hann hefði hafið störf hjá Vífilfelli. Það staðfesti að hann hafi þá við starfslok hjá Vínkaupum verið búinn að festa sig í starfi hjá Vífilfelli.

Það liggi í hlutarins eðli að umræddir birgjar hafi farið yfir til Vífilfells fyrir tilmæli Gunnlaugs. Hann hafi því nýtt sér það trúnaðarsamband sem hann hafði byggt upp við birgjana sem starfsmaður Vínkaupa til þess að fá þá til að rifta samningi við Vínkaup og fara yfir til Vífilfells. Bersýnilegt sé að Gunnlaugur hafi fengið fjárhagslegan ávinning af því að afla Vífilfelli þessara viðskipta. Er skorað á Neytendastofu að kanna hvort Vífilfell hafi innt af hendi greiðslur til Gunnlaugs sem ekki teljist til venjulegra vinnulauna og jafnframt hvenær Gunnlaugur hafi byrjað að taka laun hjá Vífilfelli.

Þá taki Vínkaup fram að framkoma Vífilfells í málinu hafi verið afar íþyngjandi og Vínkaupum til tjóns. Sú óskráða regla hafi gilt í starfseminni þegar um breytingu á birgjum sé að ræða að sá sem taki yfir umboð kaupir lager af þeim sem áður hafi haft umboðið. Vífilfell hafi hins vegar neitað því að kaupa vínlagerinn en hefur undirboðið Vínkaup hjá ÁTVR sem hafi leitt til þess að Vínkaup liggi með lager upp á u.þ.b. kr. 5.000.000 sem ekki sé unnt að selja vegna einkasölu ÁTVR og liggi lagerinn því undir skemmdum. Tjón Vínkaupa sé því tilfinnanlegt af þeim sökum.



Af því er varði þau lagasjónarmið sem fram hafi komið í bréfi Vífilfells og Gunnlaugs sé af hálfu Vínkaupa ítrekað það sem greinir í upphaflegu erindi. Gunnlaugur og Vífilfell hafi með ólögætum og saknæmum hætti misnotað upplýsingar Vínkaupa sem að tilheyri rekstrinum og hafi verið aflað með ærnum tilkostnaði af hálfu félagsins. Ekki sé ástæða til þess að hafa mörg orð um það hversu fráleitt það sé að starfsmaður geti hagnýtt sér einhliða og án samþykkis hlutaðeigandi viðskiptasambönd af þessu tagi og jafnvel ráðstafað þeim fyrir fé eins og líklegt sé að raunin sé í þessu máli. Hér sé ekki verið að deila um reynslu Gunnlaugs heldur einfaldlega um misnotkun hans á viðskiptasamböndum sem hafi tilheyrt Vínkaupum. Vífilfell hafi tileinkað sér þá fjárhagslegu hagsmuni sem hér um ræði til tjóns fyrir Vínkaup.

### 3.

Bréf Vínkaupa var sent Vífilfelli og Gunnlaugi til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. nóvember 2009. Svar barst með bréfi, dags. 27. nóvember 2009, þar sem m.a. eru ítrekuð fyrri rök. Í bréfinu kemur einnig fram að auðsýnt sé að Vínkaup veiti rangar upplýsingar um skuldastöðu fyrirtækisins. Því til stuðnings er nefnt að bæði Ayala og Bollingar tjáðu Vífilfelli sérstaklega að ástæður uppsagnar á viðskiptum við Vínkaup væru vegna skulda fyrirtækisins.

Gunnlaugur hafi hafið störf hjá Vífilfelli nokkrum dögum áður en Vinexpo sýningin hafi verið í Frakklandi, en sú sýning hófst þann 20. júní 2009. Yfirmanni víndeildar Vífilfells hafi verið kunnugt um að Gunnlaugur hefði sagt upp störfum hjá Vínkaupum og hafi hann því haft samband við Gunnlaug og boðið honum að koma til starfa hjá Vífilfelli. Fullyrðingar Vínkaupa um annað séu rangar, og hvað sem öðru líður, algerlega órökstuddar. Þá sé því algerlega vísað á bug að Gunnlaugur hafi fengið sérstakar greiðslur frá Vífilfelli fyrir að afla viðskiptavina frá Vínkaupum. Slíkar fullyrðingar séu fráleitar og algerlega órökstuddar.

Í athugasemdum Vínkaupa virðist félagið telja synjun Vífilfells á því að kaupa tiltekna vörur af Vínkaupum heyri undir Neytendastofu. Rétt sé að geta þess að aðilar hafi verið í samskiptum vegna mögulegra kaupa Vífilfells á lager Vínkaupa. Vífilfell hafi í því skyni ítrekað óskað upplýsinga um lager á vörutegundum frá Frank Millet án þess að nokkur svör hafi borist. Varðandi lager af vörutegundum frá framleiðendunum Ayala og Bollinger, þá hafi Vífilfell gert Vínkaupum tilboð í þær vörutegundir sem Vífilfell er með í sölu þessa stundina. Því tilboði hafi Vínkaup hafnað og krafist þess að Vífilfell kaupi allar vörur fyrrgreindra framleiðenda. Á slíkt hafi Vífilfell ekki fallist, þar sem einhverjar vörutegundanna séu enda ekki í sölu hjá Vífilfelli eða ÁTVR.

Varðandi verðtilboð sem Vífilfell hafi gert ÁTVR þá sé rétt að geta þess að Vífilfell hafi gert þrjú verðtilboð. Tvö þeirra vörðuðu vörutegundir sem Vínkaup hafi ekki átt til á lager. Í ljósi þessa verði að telja eðlilegt að ÁTVR hafi hafið viðskipti við Vífilfell, þar sem Vínkaup hafi ekki getað útvegað vöruna. Ein vörutegund, sem tilboð Vífilfells hafi varðað, sé enn til hjá



Vínkaupum og því muni þeir halda áfram að selja þá tegund til ÁTVR til áramóta þegar samningur þess efnis renni út, en þá muni Vífilfell hefja sölu þeirrar tegundar. Þegar Vífilfell hafi gert umrætt tilboð, hafi Vínkaupum verið boðið á fund hjá ÁTVR með Vífilfelli. Enginn hafi hins vegar sótt fundinn af hálfu Vínkaupa.

Þá telur Vífilfell fráleitt að lagerinn liggi undir skemmdum. Þeir sem til þekki viti að vín skemmist almennt ekki á nokkrum árum og á það sérstaklega við um freyðivín. Sé staðhæfing Vínkaupa hins vegar rétt um að lagerinn liggi undir skemmdum, verði ekki á annað veg ályktað en að um gamlar vörur sé að ræða, sem ekki einu sinni Vínkaupum hafi tekið að selja. Verði Vífilfell því ekki þvingað til að kaupa óseljanlegar vörur af Vínkaupum.

Um meint tjón Vínkaupa telur Vífilfell, með vísan til allra atvika málsins, að um sé að ræða tjón sem Vínkaup beri sjálft og sé það Vífilfelli og Gunnlaugi algerlega óviðkomandi.

#### 4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. nóvember 2009, var Vínkaupum sent bréf Vífilfells og Gunnlaugs til upplýsinga. Í bréfinu var aðilum málsins jafnframt tilkynnt að gagnaöflun væri lokið. Með bréfinu fylgdi gagnaskrá.

### III.

#### Niðurstaða

##### 1.

Í máli þessu kvartar Vínkaup ehf. yfir notkun Gunnlaugs P. Pálssonar og Vífilfells hf. á meintum trúnaðarupplýsingum um birgja félagsins sem Gunnlaugur hafi öðlast í starfi sínu hjá Vínkaupum. Telur Vínkaup að Gunnlaugur og Vífilfell hafi brotið geng ákvæðum 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005 þar sem Gunnlaugur hafi hlutast til um að viðskiptamenn Vínkaupa, sem hann öðlaðist þekkingu á í starfi sínu hjá félaginu, færðu viðskipti sín yfir til Vífilfells er Gunnlaugur hóf þar störf.

Af hálfu Gunnlaugs og Vífilfells er því hafnað að um brot gegn ákvæðinu sé að ræða. Upplýsingar um viðskiptamennina séu ekki atvinnuleyndarmál enda sé mjög auðvelt að nálgast upplýsingar um þá. Auk þess hafi Gunnlaugur margra ára reynslu, auk vinnu sinnar hjá Vínkaupum, og hafi á þeim tíma myndað sér gott orðspor í vínheiminum og aflað sér mikils tengslanets. Þá hafi ekkert verið í ráðningarsamningi Gunnlaugs við Vínkaup sem komi í veg fyrir að Gunnlaugur ráði sig í vinnu hjá Vífilfelli þegar hann hafði lokið störfum hjá Vínkaupum.



Í erindi Vínkaupa er vísað til ákvæða 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Ákvæðið er svohljóðandi:

*„Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 segir um 29. gr., sem er efnislega samhljóða núgildandi 16. gr. c. laga nr. 57/2005, að í ákvæðinu séu reglur um vernd atvinnuleyndarmála. Reglurnar séu reistar á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi sem snerta samkeppnisstöðu þeirra sé haldið leyndum. Þau leyndarmál sem ákvæðin feli í sér vernd á geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl. Um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða þó fleiri en eigandi eða stjórnandi fyrirtækisins viti það. Almenn þekking og reynsla starfsmanns geti þó ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál. Gera verður þá kröfu, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar skv. ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það liggi í hlutarins eðli.

## 2.

Kvörtun Vínkaupa beinist bæði að Gunnlaugi P. Péturssyni og Vífilfelli hf. vegna trúnaðarbrests Gunnlaugs við starfslok hjá Vínkaupa. Milli Vínkaupa og Vífilfells var ekki trúnaðarsamband eins og milli Vínkaupa og Gunnlaugs. Er það mat Neytendastofu að kvörtun Vínkaupa geti ekki beinist að Vífilfelli vegna hugsanlegs trúnaðarbrests. Er því kvörtun Vínkaupa vegna Vífilfells vísað frá meðferð Neytendastofu.

## 3.

Í máli þessu kemur fyrst til skoðunar hvort upplýsingar um birgja Vínkaupa geti notið verndar skv. 2. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga, nr. 8/1993, segir um 29. gr. að hagsmunir þeir sem greinin verndi séu atvinnuleyndarmál. Atvinnuleyndarmál geti verið rekstrarleyndarmál sem varði fremur tæknileg atriði og geti notið verndar jafnvel þó skilyrði fyrir einkaleyfi séu ekki uppfyllt. Þá geti atvinnuleyndarmál einnig verið verslunar- eða viðskiptaleyndarmál sem geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstök þekking á viðskiptavinum, ýmsar tölfræðilegar upplýsingar o.fl. Almenn þekking og reynsla starfsmanns geti ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál en til þess að svo verði þurfi að liggja fyrir þekking sem sé sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skipti máli fyrir starfseminu.



Af hálfu Vínkaupa var ekki gerð krafa gagnvart Gunnlagi, hvorki skriflega né munnlega, að hann færi með upplýsingar um viðskiptamenn eða birgja sem trúnaðarupplýsingar. Kemur þá til skoðunar hvort upplýsingarnar njóti verndar vegna þess að það liggi í hlutarins eðli.

Við mat á því hvort upplýsingar njóti verndar vegna þess að það liggi í hlutarins eðli er litið svo á að ef skynsamur maður, sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinganna, gæti séð að honum hefðu af eðlilegum ástæðum verið afhentar upplýsingar eða þekking í trúnaði, þá nægði það til þess að telja að viðtakandi upplýsinganna væri bundinn trúnaði um þær. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar um ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005 er það mat Neytendastofu að skynsamur maður hefðu mátt vita að upplýsingar um birgja væru trúnaðarupplýsingar væru þær óopinberar. Í þessu máli hefur hins vegar komið fram að upplýsingar um vínframleiðendur séu aðgengilegar almenningi, m.a. á vefsíðu ÁTVR. Við skoðun Neytendastofu, þann 13. ágúst 2010, á vefsíðu Vínkaupa kom í ljós að þar koma fram upplýsingar um þau vín sem fyrirtækið selur og hver framleiðandi þeirra er. Eins og fram hefur komið, eru upplýsingar sem starfsmaður fær við eðlilega starfrækslu vinnu sinnar og verður hluti af almennri þekkingu hans, ekki atvinnuleyndarmál. Slíkar upplýsingar geta varðað viðskiptavini fyrirtækisins, verð á framleiðsluvörum og ýmsar tæknilegar og viðskiptalegar upplýsingar. Að mati Neytendastofu hefur Vínkaup ekki sýnt fram á að Gunnlaugur hafi búið yfir sérstakri þekkingu á birgjum Vínkaupa sem telja mætti atvinnuleyndarmál. Skilyrði þess að vernd 16. gr. c. verði virk er því ekki uppfyllt að mati stofnunarinnar og njóta opinberar upplýsingarnar um birgja Vínkaupa ekki verndar sem atvinnuleyndarmál í skilningi ákvæðisins.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 30. ágúst 2010

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Pórunn Anna Árnadóttir